

Náttúrustofa Norðausturlands



Ársskýrsla 2014

Náttúrustofa Norðausturlands

Ársskýrsla 2014

Maí 2015

Ritstjóri: Sesselja Guðrún Sigurðardóttir
Texti: Starfsfólk Náttúrustofu Norðausturlands
Myndir: Náttúrustofa Norðausturlands
Forsíðumynd: Heimsskautsgerði á Raufarhöfn
Útgefandi: Náttúrustofa Norðausturlands
Prentun: Guðjón Ó.

Ágrip forstöðumanns.....	6
Starfsfólk.....	7
Um náttúrustofur.....	8
Náttúrustofa Norðausturlands.....	9
Rannsóknir.....	10
Þjónusturannsóknir.....	16
Umhverfismál og fræðsla.....	17
Önnur verkefni.....	18
Nefndarstörf.....	20
Erindi	22
Rit.....	23

Ágrip forstöðumanns

Þann 10. ágúst 2014 voru tíu ár liðin frá því að Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnaði Náttúrustofu Norðausturlands formlega. Á þessum tíu árum hefur stofan slitið barnsskónum og vaxið smátt og smátt með tilheyrandi auknum umsvifum. Starfsemi Náttúrustofunnar má skipta í þrjá meginflokka; vöktun, tímabundin rannsóknaverkefni og þjónusturannsóknir, auk annarra verkefna, s.s. umhverfismála og fræðslu, sem tengjast oft einum eða fleiri meginflokkum.

Í upphafi var lagður grunnur að lífríkisvöktun á starfssvæði stofunnar, sem er og hefur verið hryggjarstykkið í starfsemi hennar. Með samningi Náttúrustofunnar við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um fuglavöktun í Þingeyjarsýslum, sem skrifað var undir árið 2009, var skotið styrkum stoðum undir rekstur stofunnar og á því hefur verið hægt að byggja síðan. Auk fugla ná vöktunarverkefni Náttúrustofunnar nú einnig til vatnalífvera og fiðrilda. Árið 2014 var umfang vöktunarverkefna nokkurn veginn með sama hætti og undanfarin ár. Vöktunarrannsóknir sem þessar eru í eðli sínu langhlaup, því þeim er ætlað að meta ástand vistkerfa og einstaka stofna lífvera til lengri tíma. Með hverju árinu sem líður verða gögnin sem safnað er verðmætari og auka um leið skilning okkar á ástandi umhverfisins.

Afmörkuð, tímabundin rannsóknaverkefni sem unnin hafa verið að eigin frumkvæði og/eða í samstarfi við aðrar rannsóknastofnanir hafa einnig verið mikilvægur hluti af starfsemi Náttúrustofunnar frá upphafi. Þessi verkefni hafa verið fjölbreytt en hafa þó flest haft það að leiðarljósi að styðja við þau vöktunarverkefni sem Náttúrustofan vinnur að. Þannig er rannsóknaverkefnunum ætlað að svara spurningum sem varpað geta ljósi á þá þróun sem vöktunarrannsóknir sýna fram á. Undanfarin ár hafa rannsóknir á vetrardreifingu fugla, einkum sjófugla, verið ráðandi í þessum hluta starfsemi stofunnar, enda hafa sjófuglar átt mjög undir högg að sækja. Náttúrustofan hefur því öðlast talsverða sérfræðiþekkingu og reynslu á þessu sviði rannsókna. Árið 2014 var heldur bætt í þessar rannsóknir frá því sem verið hefur og því ljóst að þær verða áfram fyrirferðamiklar í starfsemi Náttúrustofunnar á næstu árum.

Þjónusturannsóknir hafa verið mikilvægur þáttur í starfsemi Náttúrustofunnar allt frá árinu 2004. Fjölmörg slík verkefni hafa komið inn á borð Náttúrustofunnar og eru þau mjög mikilvæg fyrir rekstur stofunnar. Flest þjónustuverkefnin hafa snúist um rannsóknir á fuglalífi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og hefur Náttúrustofan öðlast mikla þekkingu og reynslu á því sviði. Að venju vann stofan að nokkrum þjónustuverkefnum árið 2014 en sérstaklega má geta rannsókna á fuglalífi í tengslum við fyrirhugaðan vindlund Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnársvæði. Slíkar rannsóknir hafa ekki verið framkvæmdar hér á landi áður. Náttúrustofan aflaði sér því reynslu og þekkingu á nýju sviði rannsókna, sem vonandi kemur til með að nýtast við sambærileg þjónustuverkefni í framtíðinni.

Heilt yfir hafa þau tíu ár sem Náttúrustofa Norðausturlands hefur nú starfað einkenst af uppbyggingu og eflingu rannsóknatengdrar starfsemi og sérþekkingar á náttúrufari í Þingeyjarsýslum. Slík uppbygging getur vart annað en talist jákvæð, hvernig sem á er litið. Árið 2014 reyndist stofunni vel í alla staði og því ekki ástæða til annars en að líta björtum augum fram á veginn.



Þorkell Lindberg Þórarinnsson
forstöðumaður

Árið 2014 störfuðu 5 starfsmenn hjá Náttúrustofunni:



Þorkell Lindberg Þórarinnsson, líffræðingur (M.Sc.) hefur starfað sem forstöðumaður Náttúrustofu Norðausturlands frá því hún hóf starfsemi árið 2003. Hann sér um daglegan rekstur, stjórnun og uppbyggingu stofunnar, m.a. með fjár- og verkefnaöflun. Samhliða því kemur Þorkell að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar.



Sesselja Guðrún Sigurðardóttir, líffræðingur (B.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2005. Hennar helstu verkefni tengjast smádýralífi vatna og tjarna en hún kemur auk þess að ýmsum öðrum verkefnum Náttúrustofunnar.



Aðalsteinn Örn Snæþórsson, líffræðingur (M.Sc.) og kennari hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2006. Hann hefur komið að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar, einkum þó fuglarannsóknunum og fræðslu.



Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, líffræðingur (B.Sc.) og auðlindastjórnunarfræðingur (M.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2008. Hennar helstu verkefni tengjast umhverfismálum og fræðslu.



Yann Kolbeinnsson, líffræðingur (B.Sc.) hefur starfað hjá Náttúrustofunni frá árinu 2009. Hann hefur unnið að ýmsum verkefnum Náttúrustofunnar, einkum fuglarannsóknunum.



Um náttúrustofur

Árið 1992 var ráðherra veitt heimild, með lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, til að koma á fót náttúrustofum í kjördæmum landsins sem þá voru. Fyrsta náttúrustofan, Náttúrustofa Austurlands, var stofnuð árið 1995. Með tilkomu Náttúrustofu Suðausturlands, sem stofnuð var í janúar 2013, eru náttúrustofurnar nú orðnar 8 talsins.

Náttúrustofurnar heyrðu beint undir umhverfisráðuneytið fyrstu árin en með breytingu á lögum árið 2002 færðust þær til sveitarfélaganna. Náttúrustofurnar, sem hver um sig er sjálfstæð stofnun, eru því reknar af sveitarfélögunum sem að þeim standa með fjárveitingu frá ríki. Að auki afla þær sér tekna með

ýmsum þjónustuverkefnum og styrkumsóknum. Starfsemi náttúrustofanna er fjölbreytt og sérhæfing þeirra mjög mismunandi.

Náttúrustofurnar eru aðilar að Samtökum náttúrustofa (SNS), en samtökin eru samstarfsvettvangur þeirra. Samtökunum er ætlað að efla samstarf náttúrustofa og vinna að hagsmunamálum þeirra. Samstarf náttúrustofanna hefur m.a. falist í opnum fræðsluerindum sem send hafa verið út víða um land í gegnum fjárfundabúnað og sameiginlegum rannsóknafærðum stofanna. Auk þess hefur SNS staðið fyrir árlegum náttúrustofuþingum sem náttúrustofurnar skiptast á að halda.

Lögbundin hlutverk náttúrustofa eru einkum þessi:

GAGNASÖFNUN: Að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúru-rannsóknir, einkum í þeim landshlutum sem stofurnar starfa.

FRÆÐSLA: Að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd, veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga.

RÁÐGJÖF: Að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæðum stofanna upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofanna samkvæmt ákvörðun stjórnna náttúrustofa hverju sinni.

ÞJÓNUSTA: Að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofanna að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra.

EFTIRLIT: Að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar. Umhverfisstofnun skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Náttúrustofa Norðausturlands

Náttúrustofa Norðausturlands var stofnuð þann 27. ágúst 2003 og tók til starfa 1. október sama ár. 10. ágúst ári síðar var náttúrustofan formlega opnuð af Siv Friðleifsdóttur umhverfisráðherra og átti því formlega 10 ára afmæli á árinu. Náttúrustofan, sem var sú sjöunda í röðinni hefur frá upphafi verið staðsett á Húsavík en starfssvæði hennar nær frá Ólafsfirði í vestri og austur á Langanes. Hún er rekin af sveitarfélögunum Norðurþingi og Skútustaðahreppi samkvæmt samningi frá árinu 2012 við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Gildir sá samningur til ársins 2017. Árið 2013 fjölgaði rekstrasveitarfélögum Náttúrustofunnar hins vegar þegar sveitastjórn Tjörneshrepps samþykkti aðkomu að rekstri hennar. Tjörneshreppur greiðir framlag til Náttúrustofunnar samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Náttúrustofan hefur verið staðsett að Hafnarstétt 3 síðan seinni hluta árs 2008. Náttúrustofan hefur frá upphafi verið innan veggja Þekkingarsetursins á Húsavík en innan þess starfa einnig Þekkingarnet Þingeyinga, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Húsavík, auk þess sem RÚV hefur aðstöðu þar aðstöðu.


Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa verið 5 talsins frá því í febrúar 2009. Auk fastráðinna starfsmanna hefur Guðmundur Örn Benediktsson tekið að sér fuglatengd

verkefni fyrir stofuna. Sjálfbóðaliðar og sumarstarfsmenn hafa auk þess gjarnan verið til aðstoðar yfir mesta annatímann.


Sérsvið Náttúrustofunnar eru rannsóknir á fuglum ásamt almennri dýravistfræði. Náttúrustofan sinnir einnig ýmsum þjónusturannsóknum en útseld þjónusta er mikilvægur þáttur í starfsemi hennar og hefur m.a. verið leitað til stofunnar með náttúrufarsúttektir og ráðgjöf. Almenningsfræðsla hefur einnig verið mikilvæg í starfsemi stofunnar.

Stjórn Náttúrustofunnar skipa Jón Helgi Björnsson stjórnarformaður og Tryggvi Jóhannsson, skipaðir af Norðurþingi og Margrét Hólm Valsdóttir skipuð af Skútustaðahreppi.

Price Waterhouse Coopers hefur séð um bókhaldsvinnu fyrir Náttúrustofuna, ásamt launagreiðslum, reikningsskilum og endurskoðun. Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar frá Price Waterhouse Coopers námu heildartekjur stofunnar tæpum 64 millj. kr fyrir árið 2014. Heildarrekstrarkostnaður var rúmar 60 millj. kr. Skiptingu tekna og rekstrar-kostnaðar má sjá hér að neðan en nánari upplýsingar um fjárhag stofunnar er að finna í ársreikningi hennar.



Hlutfallsleg skipting tekna Náttúrustofunnar árið 2014.



Hlutfallsleg skipting rekstrarkostnaðar Náttúrustofunnar árið 2014.





Himbrimi

VÖKTUN FUGLALÍFS Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Samkvæmt samningi við umhverfisráðuneytið hefur Náttúrustofan fylgst með þróun fuglastofna í Þingeyjarsýslum frá árinu 2009. Verkefnið er umfangsmikið og beinist að vöktun vatnafugla, mófugla og sjófugla auk umsjónar með framkvæmd vetrarfuglatalninga á svæðinu. Verkefnisstjórar fuglavöktunarverkefna Náttúrustofunnar eru Yann Kolbeinsson og Aðalsteinn Örn Snæþórsson. Niðurstöður fuglavöktunar má sjá á heimsíðu Náttúrustofunnar (www.nna.is).

Mófuglar hafa verið taldir árlega frá árinu 2009. Notuð er svokölluð punkttalningaaðferð en þá er talið á talningapunktum sem settir eru með reglulegu millibili á talningasnið. Flest ár hefur verið talið á 105 punktum á 11 sniðum víðsvegar í Þingeyjarsýslum. Árið 2014 varð breyting á þegar bætt var við sniðum á svæðum með ríkulegu fuglalífi og önnur tekin út þar sem fuglalíf var fátækt. Alls var þá talið á 152 punktum á 15 sniðum.

Vatnafuglar voru taldir á votlendissvæðum í Aðaldal, Reykjadal, Köldukinn, Ljósavatnsskarði og Kelduhverfi en það hefur verið gert árlega frá árinu 2004. Vatnafuglar eru taldir á vorin auk þess sem ungar eru taldir síðsumars.

Vetrarfuglatalning 2014 fór fram í upphafi árs 2015. Talið var á 21 svæði á Norðausturlandi og sáust að þessu sinni 18.722 fuglar af 48 tegundum (auk 30 ógreindra fugla og blendinga). Mest var af æðarfugli eða 9.456 fuglar og sást ein ný tegund, heiðagæs. Frá árinu 2008 hefur Náttúrustofan staðið að skipulagningu og úrvinnslu vetrarfuglatalninga í Þingeyjarsýslum, austan Ljósavatnsskarðs. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur yfirumsjón með þessum talningum á landsvísi. Jafnframt hefur Náttúrustofan unnið úr niðurstöðum talninga umhverfis Tjörnes frá árinu 1956 þegar þar var fyrst talið.




Sjófuglar eru taldir í Skoruvíkurbjargi og Grímsey. Þar er sniðtalningaraðferð beitt og svartfuglar taldir einu sinni á hvorum stað en fýlar og ritur tvisvar í Skoruvíkurbjargi til að meta varpárangur. Slíkt hið sama er gert fyrir ritur í tveimur minni björgum í nágrenni Húsavíkur. Fjöldi fýlssetra í Ásbyrgi er auk þess talinn árlega og varpárangur metinn með ungatalningu síðsumars.

Í Skoruvíkurbjargi benda niðurstöður vöktunar-rannsókna sumarið 2014 til 42% fækkunar stuttnefju frá síðasta ári (sjá mynd að neðan). Til lengri tíma litið sýna niðurstöður talninga þar fram á langvarandi fækkun tegundarinnar, þó svo að lítilsháttar upp-sveiflu hafi mátt greina frá 2010 til 2013. Er því svo komið að stuttnefju hefur nú fækkað um 82% í Skoruvíkurbjargi á tímabilinu frá 1986 fram til ársins 2014. Haldi þessi þróun áfram má leiða að því líkum að stuttnefjur hverfi úr Skoruvíkurbjargi eftir u.þ.b. fimm ár. Í Grímsey fækkaði stuttnefjum einnig nokkuð á milli ára (13%), eftir fjölgun frá því árið 2009. Nokkuð gott heildarsamræmi virðist því vera í stofnþróun stuttnefju í Skoruvíkurbjargi og í Grímsey milli ára og

allt sem bendir til þess að tegundin eigi almennt undir högg að sækja um þessar mundir.

Líkt og hjá stuttnefju mátti greina uppsveiflu hjá langvíu frá 2011-2013, bæði í Skoruvíkurbjargi og Grímsey. Niðurstöður talninga sumarið 2014 sýna hins vegar fram á verulega snarpa fækkun (29% og 21%) á báðum stöðum. Fjöldi langvía í Skoruvíkurbjargi hefur sveiflast nokkuð mikið frá árinu 1986, þar sem þeim fjölgaði talsvert á tímabilinu fram til 2000 en fækkaði svo mjög skart til fyrra horfs á milli 2000 og 2005. Síðan þá hefur fjöldi langvía verið nokkuð stöðugur á heildina litið, þar til nú að þessi mikla fækkun verður á milli ára.

Ritu hefur, líkt og stuttnefju, fækkað mikið í Skoru-víkurbjargi frá því 1986. Fjöldi rita þar á nýliðnu sumri var sá lægsti frá upphafi talninga og reyndist vera rétt um 16% af því sem mest var árið 1994. Minniháttar sveiflur hafa verið í Grímsey síðan 2009 og virðist ritu fjölga þar frekar en hitt. Frá því reglubundnar talningar hófust í Grímsey hafa ekki verið fleiri ritur á talningarsniðum þar en sumarið 2014.



Visitala á fjölda svartfugla og fjölda rituhreiðra á talningarsniðum í Skoruvíkurbjargi (þríhyrningar), 1986-2014, og Grímsey (hringir), 2009-2014. Gögn frá 1986 – 2005 í Skoruvíkurbjargi og Grímsey 2009 eru birt með leyfi Arnþórs Garðarssonar.





FARHÆTTIR OG VETRARDREIFING FUGLA

Undanfarin ár hefur Náttúrustofan notast við svokallaða dægurrita við rannsóknir á farhættum og vetrardreifingu fugla. Dægurritar safna upplýsingum um staðsetningu út frá birtutíma og gefa þannig upplýsingar um farhætti og vetrarstöðvar fugla. Notkun þeirra hefur aukist mjög á síðustu árum og hefur Náttúrustofan notað slík merki á svartfugla, flórgoða, ritur, fýla og skrofur. Fuglarnir eru veiddir, þeir mældir og vigtaðir og úr þeim tekið blóð og fjaðrir sem ætlað er til greininga á erfðaeftni og stöðugum samsætum. Til að nálgast gögnin sem ritarnir safna þarf að ná fuglunum aftur að ári liðnu eða síðar og byggist árangur rannsókna á því hversu vel það gengur. Upplýsingar um farhætti og vetrardreifingu fugla eru mikilvægar þegar kemur að því að túlka stofnbreytingar hjá viðkomandi tegundum og tryggja vernd þeirra til framtíðar. Verkefnisstjóri dægurritarannsókna er Þorkell Lindberg Þórarinnsson.

Árið 2013 voru settir út 120 dægurritar á 4 tegundir *svartfugla*. Langvía, stuttnefja, lundi og álka voru merktar í þremur byggðum, í Látrabjargi, Grímsey og Fonti á Langanesi. Náttúrustofa Suðurlands sá um að merkja lunda í Grímsey, Papey og á Stórhöfða í Heimaey. Sumarið 2014 var unnið að endurheimtum dægurrita. Einungis átta lundar endurheimtust en betur gekk að ná hinum svartfuglunum, 20 langvíur, 17 stuttnefjur og 15 álkur náðust eða samtals 60 dægurritar. Því miður reyndust mörg tæki hafa bilað á einhverjum tímabilið (64%), fengust því ekki alltaf gögn fyrir allt tímabilið. Verkefnið er unnið í samstarfi við Náttúrustofur Vestfjarða og Suðurlands og er styrkt af Veiðikortasjóði.

Rannsóknir á farhegðun og vetrardreifingu *rita* hafa verið stundaðar frá því árið 2009. Rannsóknirnar tengjast m.a. alþjóðlegu samvinnuverkefni um vetrardreifingu rita í Norður-Atlantshafi. Árið 2014 voru einungis þrjú tæki endurheimt af þeim 12 sem sett höfðu verið út árið áður á Langakambi í Hornvík en varpið misfórst að stórum hluta og var því erfitt að nálgast fuglana. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Náttúrustofur Austurlands, Vestfjarða og Suðvesturlands.

Náttúrustofan hefur unnið að rannsóknum á farhegðun og vetrardreifingu *flórgoða* frá árinu 2009. Dægurritar hafa verið settir á 36 flórgoða á Víkingavatni og Ástjörn í Kelduhverfi, síðast sumarið 2012 en ekki hafa allir dægurritarnir verið endurheimtir. Árið 2014 fundust þrír merktir fuglar frá fyrri árum og náðust ritar af tveimur þeirra. Annar dægurritinn hafði verið úti frá sumrinu 2010 og skilaði tæplega þremur árum í gögnum. Alls hafa nú 19 flórgoðar með dægurrita verið endurheimtir.

Fýlar voru merktir í tilraunaskyni sumrin 2012 og 2013 til að kanna ferðir þeirra um Norður-Atlantshaf utan varptíma. Árið 2014 voru fjórir fuglar endurheimtir við Skjálfanda, þrír frá fyrra sumri en einn frá 2012. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Náttúrustofur Vestfjarða og Suðurlands.

Rannsóknir á *skrofum* í Ystakletti í Vestmannaeyjum hafa verið stundaðar með dægurritum frá sumrinu 2006, í samstarfi við Jacob González-Solís frá Háskólanum í Barcelona og Náttúrustofu Suðurlands. Sumarið 2014 voru sjö dægurritar endurheimtir en jafnframt voru ný tæki sett á tíu fugla sem vonast er til að endurheimta sumarið 2015. Ábyrgðarmaður hér á landi er Yann Kolbeinnsson.

SEATRACK

Seatrack er stórt rannsóknaverkefni á vegum Norðmanna sem Náttúrustofan gerðist aðili að árið 2014. Verkefnið snýst einkum um kortlagningu á dreifingu sjófugla frá byggðum í nágrenni norska hafsvæðisins. Náttúrustofan sá um að veiða og festa dægurrita á fjórar tegundir sjófugla á Norðausturlandi sumarið 2014. Tegundirnar sem um ræðir eru fyll, rita, langvía og stuttnefja. Alls voru 110 fuglar merktir á Langanesi og í Ærvíkurbjargi við Skjálfanda. Gert er ráð fyrir að verkefnið standi yfir næstu þrjú til fjögur árin. Árið 2015 verða dægurritar frá 2014 endurheimtir og nýir settir út. Verkefnisstjóri er Þorkell Lindberg Þórarinnsson.

ÞÓRSHANAR

Náttúrustofan stóð að úttekt á stofnstærð íslenska þórshanastofnsins sumarið 2014 að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun. Talningar sumarið 2014 benda til almennrar fækkunar frá talningu sumarið 2010. Úttektin var unnin í samstarfi við fjölmarga fuglaáhugamenn víðs vegar um landið.

ÁSTAND ÍSLENSKA

STRAUMANDASTOFNSINS

Í febrúar-mars voru straumendur taldar á sérvöldum sniðum víðs vegar um landið. Áður hafði verið talið á þessum sömu sniðum ásamt fleirum á tímabilinu 1998-2001 þegar heildarmat var gert á íslenska vetrarstofninum umhverfis landið. Ætlunin var að kanna hvort breytingar hefðu orðið á stofninum á undanförunum 15 árum. Talið var á samtals 30 straumandaríkum sniðum sem staðsett eru í öllum landshlutum. Á þessum sömu sniðum mátti finna 18% straumandastofnsins í úttektinni um aldamótin. Niðurstöður benda til töluverðrar fækkunar í vetrarstofni straumanda við strendur landsins. Talningin var framkvæmd í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi. Verkefnisstjóri var Þorkell Lindberg Þórarinnsson.



Straumendur



KOMUTÍMI FARFUGLA

Áttunda árið í röð var fylgst með komu farfugla við Öxarfjörð og á Melrakkaslétu í samstarfi við Guðmund Örn Benediktsson, fuglaáhugamann á Kópaskeri en hann hefur fylgst með komum farfugla á svæðinu frá árinu 2001. Með verkefninu fást mikilvægar grunnupplýsingar um fartíma mismunandi tegunda. Þessar grunnupplýsingar nýtast til að fylgjast með þeim breytingum sem kunna að verða á komutímum fugla vegna breytinga í umhverfi, svo sem vegna loftslagsbreytinga. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.

RJÚPUR

Náttúrustofan tók þátt í söfnun rjúpna í Þingeyjar-sýslum í fyrstu viku október vegna rannsóknar á sjúkdómavöldum í rjúpum sem unnin er undir stjórn Ólafs K. Nielsen hjá Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) og Karls Skírnissonar hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum. Auk þess tók starfsmaður Náttúrustofunnar þátt í árlegum talningum NÍ á rjúpu-ungum að hausti og sá um aldursgreiningu á afla veiðimanna við lok veiðitímabils. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.

LANDNÁM BRANDANDA Á MELRAKKASLÉTTU

Brandendur á Melrakkaslétu hafa verið taldar frá sumrinu 2008, en þar varp tegundin fyrst árið 1999. Í leiðangri sumarið 2014 sáust sex brandandafjölskyldur með samtals 50 unga. Aðeins 8 geldfuglar sáust að þessu sinni. Samantekt um landnám brandanda á Melrakkaslétu 1999-2009 var birt í tímaritinu Blika árið 2013. Verkefnisstjóri er Yann Kolbeinsson.

FÍÐRILDAVÖKTUN

Tveimur ljósgildrum, sem ætlaðar eru til veiða á fiðrildum, er haldið út á starfssvæði Náttúrustofunnar. Frá sumrinu 2007 hefur gildra verið sett upp í Ási í Kelduhverfi og frá sumrinu 2009 á Skútustöðum í Mývatnssveit. Gildrurnar eru úti frá miðjum apríl og þar til í byrjun nóvember ár hvert. Þær eru tæmdar vikulega og aflinn greindur til tegunda. Vegna bilunar var síðasta tæming í Mývatnssveit þann 12. ágúst í stað 5. nóvember eins og venja er. Vegna anna bíður afli ársins þess að verða greindur. Fiðrildavöktunin er unnin í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Fiðrildagildra Náttúrustofunnar á Skútustöðum í Mývatnssveit

VÖKTUN VATNALÍFS

Samhliða vöktun vatnafugla hefur flugnagildrum verið komið fyrir við Sílalækjarvatn, Miklavatn, Víkingavatn og Skjálftavatn frá árinu 2006 og við Ástjörn frá 2011. Flugnagildrurnar eru settar upp í maí og tæmdar mánaðarlega þar til þær eru teknar niður í ágúst. Með flugnagildrunum er hægt að fylgjast með breytingum í stofnstærð mýflugna sem upp úr vatninu koma. Stofnstærð þeirra gefur vísbendingar um botndýralíf vatnanna og átuskilyrði fugla og styðja þannig við vöktunarrannsóknir á vatnafuglum. Flugur frá sumrinu voru flokkaðar og taldar á árinu.

Hornsíli hafa verið veidd í Víkingavatni að hausti frá árinu 2006. Sérstakar hornsílagildrur eru lagðar tvisvar á sólarhring og látnar liggja í 12 klst. í senn. Hornsílín sem veiðast eru talin, mæld, krufin og kyngreind auk þess sem sníkjudýrasýking í kviðarholi er könnuð. Veiðin gefur vísbendingar um stofnstærð hornsíla í vatninu.

Sumarið 2011 voru gerðar grunnrannsóknir á smádýralífi á botni og í svifi ásamt úttekt á vatnagróðri í Víkingavatni og Miklavatni fyrir frekari vöktun vatnanna. Gert er ráð fyrir að sú rannsókn verði endurtekin á 5 ára fresti en þess á milli verða svifsýni tekin mánaðarlega yfir sumartímann í báðum vötnum. Svifsýnatökur hófust sumarið 2013. Krabbadýr úr svifsýnum sumarsins voru talin og greind í vetur. Verkefnisstjóri er Sesselja Guðrún Sigurðardóttir.



Flugnagildra




Svifsýnatökur



Þjónusturannsóknir

VÖKTUN LÓNA

Frá því vorið 2010 hefur Náttúrustofan séð um vöktun á þörungaframleiðslu í Lónum í Kelduhverfi að beiðni fiskeldisfyrirtækisins Rifóss ehf. sem rekur þar matfiskeldi. Vöktunin felur í sér vikulegar athuganir á þörungaframleiðslu í Lónunum. Unnið er samkvæmt vöktunaráætlun sem Náttúrustofan vann fyrir Rifós árið 2013. Þriðja hvert ár eru tekin botnsýni í Lónum til að fylgjast með breytingum á botndýrafánunni. Það var fyrst gert haustið 2013 og verður því aftur á dagskrá haustið 2016. Fjórða skýrsla vöktunarverkefnisins kom út á árinu. Verkefnisstjórar eru Sesselja Guðrún Sigurðardóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Heiðlóa.

VINDLUNDIR


Landsvirkjun hyggst reisa vindlundi til raforku-framsleiðslu á Þjórsár-/Tungnaárvæðinu. Náttúrustofan tók að sér að gera úttekt á áhrifum framkvæmdanna á fuglalíf. Rannsóknir beindust einkum að því að meta möguleg áhrif vindmylla á umferðarfugla um svæðið á leið sinni til og frá hálendinu og/eða á milli landshluta, auk þess sem varpfuglar voru kortlagðir. Notast var við radar við kortlagningu fars um svæðið. Rannsóknin er unnin í samstarfi við Árósháskóla í Danmörku fyrir Landsvirkjun. Skýrsla um verkefnið er í vinnslu og kemur út snemma árs 2015. Verkefnisstjóri er Þorkell Lindberg Þórarinnsson.

VÖKTUN FUGLA OG GRÓÐURS Á HÁHITASVÆÐUM Í ÞINGEYJARSÝSLUM

Rannsóknir og vöktun á gróðurfari og fuglalífi á áhrifasvæðum fyrirhugaðra og núverandi virkjana á Þeistareykjum, í Bjarnarlagi og í Kröflu, sem hófust sumarið 2012, var fram haldið sumarið 2014. Sex nýir gróðurreitir voru settir upp á Vítismó norðan Kröflu. Einnig voru lagðir út sjö gróðurreitir í nágrenni fyrirhugaðrar virkjunar í Bjarnarlagi. Í Bjarnarlagi var farið um útbreiðslusvæði naðurtungu til að kanna ástand á helstu vaxtarstöðum. Þá var einnig kannað ástand á gróðri við tjarnir austan Vítis. Á Þeistareykjum var varpþéttleiki mófugla kannaður, sem og ábúð og varpafkoma fálka. Skýrsla kom út í lok árs. Verkefnisstjórar eru Sigprúður Stella Jóhannsdóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson.

FUGLALÍF Á SPRENGISANDI

Náttúrustofan kannaði fuglalíf á Sprengisandi að beiðni Landsnets og Vegagerðarinnar sem hyggjast leggja háspennulínu og nýjan veg frá Þjórsár-/Tungnaárvæðinu um Sprengisand norður í Bárðardal ásamt því að byggja nýjan veg yfir Sprengisand milli Suður- og Norðurlands. Framkvæmdirnar eru báðar háðar mati á umhverfisáhrifum og tók Náttúrustofan að sér að kanna fuglalíf á áhrifasvæði framkvæmdanna og meta möguleg áhrif þeirra á fugla. Skýrsla kom út í lok árs. Verkefnisstjóri er Aðalsteinn Örn Snæþórsson.



Dettifoss

FRÆÐSLUSKILTÍ VIÐ DETTIFOSSVEG

Nokkrir áninga- og útsýnisstaðir, nýir sem gamlir, verða við nýjan Dettifossveg meðfram Jökulsá á Fjöllum. Þegar lagningu vegarins lýkur verður komið fyrir sérstökum fræðsluskiltum á viðkomandi áningastöðum, allt frá Þjóðvegi 1 norður að Þjóðvegi 85. Náttúrustofan sér um textagerð og hefur umsjón með gerð skiltanna. Verkefnið hófst sumarið 2013 með vettvangsskoðun og heimildaöflun. Árið 2014 var lokið við textagerð og ljósmyndatöku. Gert er ráð fyrir að skiltin verði tilbúin og uppsett um leið og nýr vegur opnar. Verkefnisstjóri er Sigprúður Stella Jóhannsdóttir.

SKOTLANDSFERÐ

Dagana 3.-6. apríl 2014 fóru starfsmenn Náttúrustofunnar í kynnisferð til Skotlands ásamt starfsfólki Þekkingarnets Þingeyinga. Í kynnisferðinni heimsóttu starfsmenn Náttúrustofunnar Centre for Ecology & Hydrology (CEH) í Edinborg en sú stofnun vinnur að sambærilegum verkefnum og Náttúrustofan. Má þar nefna vöktun fuglastofna og tengdar rannsóknir, s.s. á dreifingu sjófugla utan varptímans en CEH hefur áratuga reynslu af vöktunarrannsóknum á Islay of May, sem er einn af lykilvöktunarstöðum sjófugla á Bretlandseyjum. Heimsókn Náttúrustofunnar til Skotlands var í senn bæði fræðandi og skemmtileg.

NÁMSKEIÐ Í LANDVÖRSLU

Starfsmaður Náttúrustofunnar hefur um árabíl kennt náttúrutúlkun á námskeiði í landvörslu ásamt því að koma reglulega að endurskoðun námskeiðsins í samstarfi við Umhverfisstofnun sem heldur námskeiðið. Árið 2014 var ákveðið að ráðast í ítarlegri endurskoðun á námi landvarða með það í huga að setja hluta námskeiðisins upp sem stutt vefnámskeið. Náttúruverndarsjóður Pálma Jónssonar og Vinir Vatnajökuls styrktu verkefnið sem hófst í lok árs. Umsjónarmaður er Sigprúður Stella Jóhannsdóttir.



Aðalsteinn Örn í Edinborg.





Rif á Melrakkaslétu

RANNSÓKNASTÖÐIN RIF Á RAUFARHÖFN

Áfram var unnið að verkefni um rannsóknastöð á Raufarhöfn sem hófst árið 2013. Lokið var við greinargerð þar sem annars vegar er fjallað um náttúrufar og landnotkun á Melrakkaslétu og hinsvegar um hlutverk, markmið og rekstur rannsóknastöðvarinnar. Á grundvelli undirbúningsvinnu Náttúrustofunnar var Rannsóknastöðin Rif ses. formlega stofnuð þann 23. maí 2014. Stofnaðilar voru Byggðastofnun, Norðurþing og Náttúrustofa Norðausturlands. Rannsóknastöðin Rif er sjálfs-eignarstofnun en stjórn hennar skipa fulltrúar eftirfarandi stofnana:

- Háskólans á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar (sameiginlegur fulltrúi)
- Háskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands (sameiginlegur fulltrúi)
- Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Náttúrustofu Norðausturlands
- Norðurþings


Í framhaldi af stofnun stöðvarinnar var sótt um aðild að samstarfsnetinu INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic) og var stöðin samþykkt sem Observer Station í júní 2014. Í Rannsóknastöðinni Rifi geta vísindamenn fengið gisti- og vinnuaðstöðu við rannsóknastörf á svæðinu. Nokkrir aðilar nýttu sér aðstöðuna sumarið 2014 en stefnt er að því að starfsemi stöðvarinnar eflist smám saman. Í lok árs gerði rannsóknastöðin samning við ríkið um leigu á eyðijörðinni Rifi á Melrakkaslétu, nyrstu jörð landsins, sem rannsóknastöðin dregur nafn sitt af. Hefur stöðin þannig óheftan aðgang að landi þar sem koma má upp vöktunarverkefnum til lengri tíma. Þó áherslur stöðvarinnar séu á náttúrufarsrannsóknir er hún einnig opin þeim sem stunda félagslegar eða hagrænar rannsóknir á svæðinu. Verkefnið var styrkt af Byggðastofnun, Vaxtarsamningi Norðausturlands og Styrktarsjóði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands. Verkefnisstjóri er Þorkell L. Þórarinnsson.

Helstu markmið rannsóknarstöðvarinnar eru að:

- efla og auka náttúrufarsrannsóknir á Melrakkaslétu í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, með áherslu á málefni norðurslóða og áhrifa loftslagsbreytinga á lífríki.
- safna saman, halda utan um og miðla upplýsingum um náttúrufar á Melrakkaslétu.
- styðja nærsamfélag.

GREINING FRAMANDI DÝRA

Á hverju ári koma þó nokkrir gestir í heimsókn með framandi lífverur til greininga. Starfsmenn Náttúrustofunnar reyna eftir megni að greina þau dýr sem komið er með en leita einnig til sérfræðinga á öðrum stofnunum ef þess gerist þörf. Þá er oft hringt á Náttúrustofuna vegna framandi fugla sem sést hafa og reyna starfsmenn að leysa úr slíku í gegnum síma eða jafnvel með því að fara á staðinn.



Ný heimasíða Náttúrustofunnar, www.nna.is.

SJÓANDARÁÐSTEFNA

Náttúrustofan tók þátt í undirbúningi sjóanda-ráðstefnu (5th International Seaduck Conference) í Reykjavík, í samstarfi við Háskóla Íslands sem hafði umsjón með skipulagningu og framkvæmd hennar hér á landi. Aðkoma stofunnar sneri einkum að undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd þriggja daga skoðunarferðar í Mývatnssveit, sem um 40 ráðstefnugestir tóku þátt í að ráðstefnu lokinni. Tveir starfsmenn Náttúrustofunnar sátu ráðstefnuna.


NÝ HEIMASÍÐA

Í tilefni af því að 10 ár voru liðin frá formlegri opnun Náttúrustofunnar var ný heimasíða hennar opnuð við hátíðlega athöfn þann 30. maí 2014. Blokkinn sá um hönnun síðunnar en starfsfólk Náttúrustofunnar um flutning efnis af gömlu heimasíðunni. Á heimasíðunni má finna fréttir af starfi stofunnar og upplýsingar um rannsóknir og starfsemi hennar. Slóðin á heimasíðuna er www.nna.is.



Kampselur í Húsavíkurhöfn





Á Sprengisandi

FAGHÓPUR II FYRIR VERKEFNISSTJÓRN 3. ÁFANGA RAMMAÁÆTLUNAR

Sigbrúður Stella, starfsmaður Náttúrustofunnar, situr sem fulltrúi í faghópi II fyrir verkefnastjórn 3. áfanga rammaáætlunar. Verkefni faghóps II er að meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til annarrar nýtingar en orkuvinnslu, svo sem vegna ferðaþjónustu, útivistar og landbúnaðar. Hópurinn starfar samkvæmt lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og í samræmi við starfsreglur og samþykktir verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Skipunartími hópsins er til 25. mars 2017.

VÖKTUNARTILLÖGUR TIL VEIÐI- KORTASJÓÐS

Forstöðumaður Náttúrustofunnar, Þorkell Lindberg tók þátt í vinnuhópi sem skipaður var að ósk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til að leggja fram tillögur að vöktun veiðistofna fugla. Óskað var eftir tillögunum í tengslum við endurskoðun á framkvæmd úthlutana til rannsókna úr Veiðikortasjóði. Í vinnuhópnum áttu náttúrustofur þrjá fulltrúa og Náttúrufræðistofnun Íslands tvo fulltrúa.

FÁLKASETUR

Starfsmaður Náttúrustofunnar, Aðalsteinn Örn, situr í stjórn Fálkaseturs Íslands. Fálkasetur Íslands var stofnað í mars 2011 í Gljúfrastofu. Um er að ræða frjáls félagasamtök áhugamanna og opinberra aðila um stofnun og rekstur fálkaseturs í Jökulsárgljúfrum. Hugmyndin að félaginu byggir á að nýta einstakar aðstæður í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum til fræðslu fyrir almenning um íslenska fálkann, lifnaðarhætti og tengsl hans við aðrar tegundir og þá sérstaklega rjúpuna. Vatnajökulspjóðgarður, Náttúrustofa Norðausturlands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Fuglastígur á Norðausturlandi komu að undirbúningi verkefnisins. Auk þess veitir Náttúrufræðistofnun Íslands verkefninu faglega ráðgjöf og efni.

FUGLASTÍGUR

Náttúrustofan hefur undanfarin ár unnið að uppbyggingu fuglaskoðunar og þróun fuglaferðaþjónustu á Norðausturlandi. Árið 2010 var stofnaður félagsskapur undir nafninu Fuglastígur á Norðausturlandi, sem hefur þann tilgang að stuðla að og þróa uppbyggingu á fuglatengdri ferðaþjónustu á Norðausturlandi. Fulltrúi Náttúrustofunnar, Þorkell Lindberg, sat í stjórn félagsins frá upphafi og fram í nóvember 2014.

RÁÐGJAFANEFND UM FRIÐUÐ SVÆÐI Í MÝVATNSSVEIT

Náttúrustofan skipar einn fulltrúa í ráðgjafanefnd um friðuð svæði í Mývatnssveit. Hlutverk nefndarinnar er að vinna með Umhverfisstofnun að undirbúningi verndarráðstafana og gerð verndaráætlana fyrir friðuð svæði í Mývatnssveit. Í nefndinni sitja einnig fulltrúi Umhverfisstofnunar sem er jafnframt formaður nefndarinnar, fulltrúi Skútustaðahrepps og einn fulltrúi fyrir hönd hvernar jarðar innan friðaðra svæða í Skútustaðahreppi, alls 7 manns. Fulltrúi Náttúrustofunnar er Sigbrúður Stella.

ANNAÐ

Forstöðumaður Náttúrustofunnar er í stjórn Samtaka Náttúrustofa (SNS) og var formaður þeirra árið 2014. Samtökin eru samstarfsvettvangur náttúrustofanna.

Forstöðumaður Náttúrustofunnar er formaður stjórnar Rannsóknastöðvarinnar Rífs eins og getið er hér á undan (sjá önnur verkefni).



Fontur Langanesi



Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2014. Starfsemi Náttúrustofu Norðausturlands. Kynning á Sveitarstjórnarfundum í Skútustaðahreppi 23. janúar 2014

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir. Náttúrutúlkun. Erindi flutt á námskeiði Kötlu jarðvangs og Háskólafélags Suðurlands í staðarleiðsögn í jarðvangi, 5. mars 2014

Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Northeast Iceland Nature Research Centre – An Introduction. Erindi flutt í vinnustaðaheimsókn til Centre for Ecology and Hydrology í Edinborg 4. apríl 2014

Aðalsteinn Örn Snæþórsson. Bird Monitoring in NE Iceland. Erindi flutt í vinnustaðaheimsókn til Centre for Ecology and Hydrology í Edinborg 4. apríl 2014

Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Ingvar A. Sigurðsson, Jón Á. Jónsson, Kristín Hermannsdóttir, Róbert A. Stefánsson, Sunna B. Ragnarsdóttir og Þorleifur Eiríksson. Fuglavöktun á Íslandi - þáttur náttúrustofa og framtíðarsýn. Erindi flutt á ársfundum Náttúrufræðistofnunar Íslands 11. apríl 2014

Maria I. Bogdanova, Sarah Wanless, Børge Moe, Morten Frederiksen, Tycho Anker-Nilssen, Thierry Boulinier, Lorraine S. Chivers, Signe Christensen-Dalsgaard, Sebastien Descamps, Michael P. Harris, Mark Newell, Bergur Olsen, Richard Phillips, Deryk Shaw, Harald Steen, Hallvard Strøm, Thorkell L. Thórarinnsson & Francis Daunt. Multi-colony tracking reveals spatio-temporal variation in carry over effects between breeding and non-breeding season in a pelagic seabird species, the black-legged kittiwake. Fyrirlestur á 5th Bio-logging Science Symposium, Strasbourg, 22.-26. September 2014

Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Horned Grebes in Iceland. Update on numbers and trends from annual monitoring. Fyrirlestur í vinnustofu um flórgeðarannsóknir við N-Atlantshaf í Tromsø, Noregi, 15. október 2014

Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Horned Grebes in Iceland. Update on wintering areas. Fyrirlestur í vinnustofu um flórgeðarannsóknir við N-Atlantshaf í Tromsø, Noregi, 15. október 2014



Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Yann Kolbeinsson, Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2014. Fuglalíf á Sprengisandi. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1405

Sesselja Guðrún Sigurðardóttir og Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2014. Vöktun lífríkis í Lónum – Ársskýrsla 2013. Skýrsla unnin fyrir Rifós. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1401

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2014. Náttúrustofa Norðausturlands. Gróður- og fuglavöktun á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum árið 2014, NNA-1406

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2014. Rannsóknastöð á Raufarhöfn – Greinargerð. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1403

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2014. Rif Field Station – Report. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1404

Yann Kolbeinsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2014. Fuglavöktun 2013. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1402

Þorkell L. Þórarinnsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Yann Kolbeinsson, Böðvar Þórisson, Jón Einar Jónsson og Arnþór Garðarsson. Population status of Harlequin Ducks wintering in Iceland. Veggspjald á 5th. International Sea Duck Conference, Reykjavík 8. – 12.9.2014.





N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s